

Sögufélagið Steini Kjalarnesi

Tillögur um breytingar á stofnskrá félagsins lagðar fyrir aðalfund
24. Febrúar 2011

Í annari grein er lagt til að bæta við

„Starfsemi félagsins byggir á sjálfbærliðastarfi félaga, en sérstakir atburðir eða verkefni verða háð styrkjum og/eða annarri fjáröflun“.

2. Grein verði þá þannig;

2. Grein

Tilgangur félagsins er:

Að safna saman upplýsingum um örnefni, þjóðlegan fróðleik, fornminjar og sögu Kjalarness frá öndverðu og gera þær aðgengilegar. Starfsemi félagsins byggir á sjálfbærliðastarfi félaga, en sérstakir atburðir eða verkefni verða háð styrkjum og/eða annarri fjáröflun.

Í 7.grein breytist tvennt. Í fyrstu setningu september í febrúar. Í 3 lið dagskrár fellur burt 8 mán. uppgjör. Þá hljóðar 7. grein þannig.

7. Grein

Aðalfund skal halda ár hvert í febrúar. Aðalfund skal boða með tryggum hætti með sjö daga fyrirvara og telst fundarboðunin þá lögleg. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Séu lagabreytingar fyrirhugaðar skal þess getið í fundarboði og jafnframt hvaða greinum laganna fyrirhugað er að breyta. Einfeldur meirihluti ræður niðurstöðu mála, nema lagabreytingar sem þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Dagskrá aðalfundar:

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar um störf á liðnu ári.
3. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
5. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagabreytingar.
7. Kosningar samkvæmt 4. grein þessara laga.
8. Ritari les úr Ársriti SfS.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.